

Föstudaginn 16. september 1988.

Nr. 294/1988. **Ákærvaldið**

gegn

Bjarna Leifi Péturssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 9. þ.m. er barst Hæstarétti 13. þ.m. Hann gerir þær kröfur að úrskurðurinn verði felldur úr gildi eða að gæsluvarðhaldsvistin verði stýtt. Þá krefst hann kærumálskostnaðar. Af hálfu ákærvalds er þess krafist að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með vísan til 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir mega staðfesta hinn kærða úrskurð þó þannig, að varnaraðili sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 26. október 1988. kl. 17:00.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Varnaraðili, Bjarni Leifur Pétursson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 26. október 1988 kl. 17:00.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 8. september 1988.

Ár 1988, fimmtudaginn 8. september, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem er háð í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að Bjarna Leifi Péturssyni, fæddum 15. júní 1958, Eyjabakka 11 hér í borg, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 9. nóvember nk. kl. 17:00.

Um kl. 18:30 í gær var tilkynnt að maður svæfi ölvunarsvefni í strætisvagni við Hlemm. Var hann færður á lögreglustöðina við Hverfisgötu þar sem á honum fannst peningaveski með ýmsum verðmætum, þar á meðal skilríkjum, sem sögðu til um hver væri eigandi þess.

Hinn handtekni reyndist vera kærði í máli þessu og hefur hann viðurkennt að hafa tekið veski ófrjálsri hendi sl. þriðjudagskvöld á nafngreindum veitingastað hér í borg. Kærði hefur játað að hafa falsað átta tékka úr tékkhefti, sem var í veskinu og tekist að selja fimm þeirra. Í veskinu var einnig útfylltur tékki að fjárhæð kr. 53.343,-, en auk þess saknar eigandi þess útfyllts tékka að fjárhæð kr. 50.000,-. Kveðst kærði hafa afhent þann tékka manni að nafni Friðrik og búi sá í Rjúpufelli.

Kærði hefur einnig viðurkennt að hafa snemma í júlímánuði sl. falsað tékka að fjárhæð kr. 25.000,- úr tékkhefti frá Vegamótaútibúi Landsbanka Íslands, en þessu tékkhefti hafði kunningjakona kærða stolið á kvensjúkdómadeild Landspítalans. Hefur kærði greint frá því, að hann hafi stofnað sparireikning við Sparisjóð Hafnarfjarðar og lagt andvirði tékkans inn á hann.

Þá hefur kærði viðurkennt að hafa um miðjan ágúst sl. í félagi við Gísla Valgeirsson, Helgafellsbraut 18, Vestmannaeyjum, selt nýja vídeóupptökvél að verðmæti kr. 147.000,- manni í Hafnarfirði fyrir kr. 25.000,-. Vél þessa hafði Gísli tekið á leigu hjá fyrirtækinu Heimildir samtímans. Hefur kærði greint frá því, að þeir hafi skipt söluandvirðinu á milli sín. Hann kveðst hafa staðið í þeirri trú, að Gísli ætti vélna.

Loks hefur kærði viðurkennt að hafa aðfaranótt 1. þ.m. tekið sjónvarps-tæki úr íbúð við Flyðrugranda hér í borg þar sem hann var gestkomandi. Hafi hann selt eða öllu heldur notað það í vöruskiptum því hann hafi fengið í staðinn amfetamín og róandi lyf.

Í nýju sakavottorði kærða kemur fram, að hann hefur 22 sinnum hlotið dóma fyrir brot gegn almennum hegningarlögum, einkum þjófnað, skjalafals, hylmingu, nytjastuld, ólögmæta meðferð fundins fjár og líkamsárásir auk umferðarlagabrota.

Í dómskerfinu eru til meðferðar tvær ákærur á hendur kærða, báðar frá þessu ári, þar sem honum er gefið að sök skjalafals, fjársvik og fjárdráttur. Í gögnum málsins kemur einnig fram, að hinn 16. f.m. var kærða gert að sæta gæsluvarðhaldi í 7 sólarhringa vegna gruns um brot gegn 155. og 244. gr. almennra hegningarlaga. Hann var hins vegar látinn laus eftir 5 daga.

Svo sem nú hefur verið rakið er brotaferill kærða langur og virðist hann eiga erfitt með að hafa ofan af fyrir sér með löglegum hætti. Þykir því hættu á að kærði muni halda áfram brotastarfsemi sinni, haldi hann óskertu frelsi. Með vísan til þess og skirskotun til 1. og 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, þykir verða að taka kröfu RLR um gæsluvarðhald yfir kærða til greina. Skal kærði sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 9. nóvember nk. kl. 17:00, en brot þau, sem kærði er hér sakaður um, geta varðað hann fangelsisrefsingu skv. 155. og 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Úrskurðarorð:

Kærði, Bjarni Leifur Pétursson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 9. nóvember nk. kl. 17:00.

Föstudaginn 16. september 1988.

Nr. 295/1988. Ákærvaldið

gegn

Sigurlín Láru Þorsteinsdóttur

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 10. þ.m., er barst Hæstarétti 13. þ.m. Hún krefst þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi en til vara, að gæsluvarðhaldsvistin verði styttn verulega. Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Í skýrslu varnaraðila fyrir sakadómi Reykjavíkur 9. þ.m. hefur hún upplýst sinn þátt í máli þessu. Þau atriði, sem varnaraðili gat ekki upplýst við þá skýrslugjöf, eru ekki þess eðlis, að hún geti spillt sönnunargögnum varðandi þau eða torveldað rannsókn þeirra með öðrum hætti, sbr. 1. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974, þótt hún sé látin ganga laus. Ekki hefur verið sýnt fram á, að mál þau, sem Rannsóknarlögregla ríkisins hefur til meðferðar á hendur varnaraðila og öll eru á lokastigi rannsóknar, hafi þýðingu fyrir úrlausn máls þessa.

Varnaraðili hefur í yfirheyrslu 9. þ.m. gert grein fyrir högum sínum og dvalarstað frá því í mars sl., er hún kom fyrst við sögu